



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 100. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 30. janúar kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mættir: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Magnús Ólafsson og Sigurður M. Garðarsson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Aðalfundur og vorfundur JHFÍ 2012.

Rætt um fundartíma, fundarstað, hug sitjandi stjórnarmanna sem kjörnir voru 2010 til áframhaldandi stjórnarsetu, efni vorfundar o.fl. Stefnt á að halda aðalfundinn þriðjudaginn 17. apríl kl. 13 og vorfundinn í framhaldinu, kl. 14. JSF hyggst ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku, en er reiðubúinn að sitja áfram í stjórn. BP og SMG einnig reiðubúnir til að sitja áfram en ÁM telur tímabært að láta af stjórnarsetu. Fundarstaður ekki ákveðinn, né efni vorfundar, en m.a. var rætt um rammaáætlun eða jafnvel endurtekningu á þema vorfundar fyrra árs, þar sem spurt var hvort jarðhitinn stæði í stjórnkerfinu. Bæta mætti orðinu „enn“ í titilinn.

### 3. Innheimta félagsgjalda.

Félagsgjöld vegna 2011 eru á leið í innheimtu en í fyrsta sinn verður farin leið rafrænnar bankainnheimtu. CB gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir ýmsum útfærsluatriðum og ákveðið var að gjalddagi skyldi skilgreindur við útgáfu kröfu, eindagi þremur vikum síðar, líftími kröfu yrðu 12 mánuðir og að ekki yrðu reiknaðir dráttarvextir eða vanskilgjöld. Þá mun gjaldkeri inna þá sem ekki hafa greitt félagsgjöld, skv. hans bókum, eftir hvort þeir hafi hug á áframhaldandi veru í félaginu. Loks hafa ritari og gjaldkeri ekki fulla yfirsýn yfir hverjir félagsmenn séu námsmenn og því var ákveðið að allir með einstaklingsaðild, sem ekki hafa náð 67 ára aldri, verði rukkaðir um kr. 3.000, en að námsmenn geti beðið gjaldkera um að krafan verði lækkuð niður í kr. 1.000.

### 4. Nýir félagsmenn.

Tvær beiðnir um inngöngu hafa borist frá síðasta stjórnarfundum og var þeim báðum tekið fagnandi af stjórninni. Þetta eru annars vegar Þrándur Ólafsson verkfræðingur og hins vegar fyrirtækið ThinkGeoEnergy ehf.

### 5. Önnur mál.

Rætt var um hugsanlega tilnefningu heiðursfélaga í JHFÍ.

Næsti fundur mánudaginn 20. febrúar kl. 15:00, í húsakynnum HS Orku, Brekkustíg 36 Reykjanesbæ.

Fundi slitið kl. 16:15. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---